



# **Framkvæmdaáætlun Hofsstaðaskóla**

**2007-2009**

## Forgangsröðun

- Markmiðum skólastefnu Hofsstaðaskóla er forgangsraðað m.a. með tilliti til:
  - Skólanámskrár
  - Símenntunaráætlunar
  - Umsóknar í Endurmenntunarsjóð mrn,
  - Umsóknar í Þróunarsjóð mrn
  - Skólavísis og fjárhagsáætlunar.

## Tímaáætlun

### 2007

- ✓ Hollur hádegisverður skv. leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar Stefna í sérkennsla – námsörðugleikar – kynning fyrir foreldra
- ✓ Símenntunaráætlun
- ✓ Hvetjandi námsumhverfi - virðing og samhugur
- ✓ Gegg einelti í Garðabæ
- ✓ Kónnun á líðan nemenda - tengslakönnun
- ✓ Félagsleg staða nemenda – upplýsingar til foreldra
- ✓ Þjálfun í framkomu
- ✓ Nýsköpun og skapandi hugsun
- ✓ Útivist, útikennsla og reglubundin hreyfing

### 2008

- Áætlun um jákvæðan „bekkja“anda
- Nemendaráð 6.-7. bekkur – lýðræðisleg umræða - jafnréttisstefna
- ✓ Áætlun um einstaklingsmiðað skólastarf
- ✓ Þróunarverkefni um fjölbreytta kennsluhætti og mismunandi námshópa
- Þróunaráætlun um námsmatsaðferðir

### Agastjórmunarkerfi

### 2009

- Nemendur virkir þáttakendur í skipulagi eigin náms
- Úttekt á kennsluháttum

## Starfsáætlun Hofsstaðaskóla árið 2007-2008

### nóvember 2007

Námskeið um einstaklingsmiðað skólastarf – styrkt af mrn - nkn (nám, kennsla og námsmat) – fyrir alla starfsmenn skólans sem vinna með nemendum. Umsjón SSR, aðstoðarskólastjóri og tveir kennarar. Námskeiðinu er ætlað að vera undirbúningur undir fjölbreyttari kennsluhætti og námsmat með aukinni áherslu á einstaklinginn. Endurskoðun námsmats í yngri bekkjum.

Próunarverkefni í ensku – styrkt af mrn – unnið af kennurum og fagstjóra í tungumálum í samvinnu við KHÍ og ráðgjafa. Fyrir nemendur og kennara í 1.-4. bekk. Stutt námskeið til undirbúnings. Kennarar í Flataskóla og leikskólanum Hæðarbóli sátu fyrsta hluta námskeiðsins.

Próunarverkefni um fjölbreyta kennsluhætti – styrkt af mrn– unnið af kennurum í 1. -2. bekk með deildarstjóra yngri deilda og ráðgjafa frá KHÍ. Kennarar leikskólans Hæðarbóls sátu fyrsta hluta námskeiðs

Aukið samstarf leik- og grunnskóla – samvinna 1. bekkjar og Hæðarbóls í tengslum við þróunarverki um fjölbreyta kennsluhætti. Gagnkvæmar heimsóknir, samsöngur samvinna í verkefnavinnu.

Próunarverkefni – skipulag og kennsla blinds nemanda

Próunarverkefni – vettvangsnám kennaranema frá KHÍ samkvæmt nýju skipulagi.  
Samstarfsverkefni KHÍ og grunnskóla

Endurskipulagning bókasafns – bókasafnsfræðingur ráðinn til starfa. Markmiðið er að lengja opnumartíma safnsins og gera það að upplýsingaveri skólans – hluti af skólanámskrá

Deildarstjóri sérkennslu – endurskipulagning á sérkennslu og stuðningi við fatlaða nemendur – skrifleg stefna í vinnslu – hluti af skólanámskrá

Endurskoðun á lestrarstefnu skólans – endurskoðuð viðmið, breytt fyrirkomulag lestrarprófa-hluti af skólanámskrá

Móttökuáætlun fyrir nýbúa

Endurskoðun á gerð einstaklingsnámskráa fyrir fatlaða nemendur

Stefna Garðabæjar – framkvæmdaáætlun skólans – unnið að beiðni skólanefndar – hluti af skólanámskrá

Sjálfsmatsáætlun skólans- sjálfsmatsteymi – byggt á stefnu bæjarins og framkvæmdaáætlun skólans – hluti af skólanámskrá

Stefna um útikennslu og hreyfingu – Allt gerir gagn einkum við sjálf – hluti af skólanámskrá. Markmið og gátlisti fyrir útkennslu

## Stýrihópur um undirbúning agastjórnunarkerfis

Umhverfisstefna skólans - umsókn um Grænfánann – afhending 16. nóvember – hluti af skólanámskrá – áframhaldandi vinna að umhverfismálum

Aukið samstarf við félagsmálayfirvöld – fundir fyrir nemendur í 7. bekk og foreldra þeirra með Páli Ólafssyni ungligaráðgjafa – fundir með nemendur í 7. bekk

Aukið samstarf við heilsugæslu – m.a.mánaðarlegir fundir með skólalækni. Meðferðarteymi á heilsugæslu – tilvísun frá skóla

Blátt áfram – fræðsla um ofbeldi - fyrir alla nemendur – Styrkur frá Norvik - að frumkvæði námsráðgjafa skólans.

30 ára afmæli skólans – hátíð 1. september í samstarfi við foreldra, sýning á vinnu nemenda í þemaviku – saga skólans í máli og myndum 16. nóvember - sýning 3. júní 2008

Margrét Harðardóttir  
skólastjóri Hofsstaðaskóla

## að þróa einstaklingsmiðað skólastarf

Markmið

Leiðir

Nánari útfærsla

Móta áætlun um einstaklingsmiðað skólastarf og kynna hana foreldrum	<p>Námskeið um einstaklingsmiðað skólastarf skólaárið 2007-2008 Upplýsinga m.a. aflað í námsvísnum og á árgangafundum. Kynning á verkefnum á málþingi í júní 2008. Skrifleg áætlun liggi fyrir haustið 2008</p>	<p>Könnun um nám og kennslu lögð fyrir kennara (sjá lið 3) í nóvember 2007. Skrifleg áætlun fyrir hvern árgang sbr. tillögur frá stigsfundum í september 2008 - birt í námsvísi</p> <p><b>Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur</b></p>
Endurskoða stefnu um heimavinnu nemenda og kynna hana foreldrum, kennurum og nemendum með skipulögðum hætti	<p>Endurskoða núverandi skipulag. Deildarstjórar fylgjast með samræmingu á sínu stigi fyrir skólaárið 2008-2009</p>	<p>Skriflegar tillögur frá árgangafundum. Niðurstöður notaðar til endurskoðunar á skólanámskrá vorið 2008 og kynntar foreldrum</p> <p><b>Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur</b></p>
Hafa skýra áætlun um hvernig bregðast skuli við námserfiðleikum nemenda og kynna hana foreldrum	<p>Gefa út og kynna skriflega áætlun skólans í sérkennslu vorið 2008. Einstaklingsnámskrár eru unnar í samstarfi umsjónarkennara og sérkennara og kynntar foreldrum. Sérkennarar skila skýrslu í lok hverrar annar</p>	<p>Könnun lögð fyrir foreldra og kennara í nóvember 2007. Biðlistar hjá sálfræðingi verði hverfandi</p> <p><b>Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur</b></p>
Skipuleggja stærð námshópa með hliðsjón af námsmarkmiðum, mannaudi og skólahúsnæði	<p>Prónunarverkefni, styrkt af mrn, unnið af kennurum í 1. og 2. bekk. Enskukennsla í 1.-4. bekk skv. Kenningum Howard Gardners og aukið samstarf við leikskóla. Hringekja – lotukennsla- færnimiðað nám í eldri bekkjum 2007-2009</p>	<p>Sjá lið 1. Nánari útfærsla - sjá prónunarverkefni – skil á skýrslum til mrn janúar og júní 2008. Könnun um færnimiðað nám lögð fyrir nemendur í 5.-7. bekk í maí ár hvert.</p> <p><b>Ábyrgð: Skólastjóri, matshópur, verkefnastjórar, ráðgjafar og deildarstjóri eldra stigs</b></p>

## að auka fjölbreytni í náms- og kennsluháttum

Markmið	Leiðir	Nánari útfærsla
Gera úttekt á náms- og kennsluháttum og móta þróunaráætlun með hliðsjón af niðurstöðum	<i>Ýmsar kannanir skv. þróunaráætlun 2009 sjá glæru á undan. Kannanir lagðar fyrir í nóvember 2007, 2008 og 2009</i>	<i>Unnið með niðurstöður kannana 2007-2009. Úttekt byggir á þeim gögnum og þróunaráætlun verður síðan mótuð á þeim grunni</i> <b>Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur</b>
Leggja áherslu á útivist, útikennslu og reglubundna hreyfingu	<i>Áætlun skólans um útikennslu og hreyfingu sbr. „Allt hefur áhrif....“ Niðurstöður úr skýrslu frá RKHÍ um náttúrufræðikennslu/útikennslu (2007). Íþróttir og sund samkvæmt aðalnámskrá og skipulagi skólans. Hreyfibroskapróf lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk. Önnur útivera s.s frímínútur og skipulagðar vettvangsferðir— hluti af skólanámskrá</i>	<i>Skrifleg samantekt á útikennslu í lok skólaárs – markmið og gátlisti borin saman við áætlun skólans.</i> <b>Ábyrgð: Deildarstjóri yngra stigs</b> Niðurstöður könnunar - samantekt um kennslu í náttúrvísindum, lífvísindum og eðlisvísindum – samanburður við skýrslu SRR 2009 <b>Ábyrgð: Deildarstjóri eldra stigs</b> Niðurstöður úr hreyfibroskaprófi kynntar á nemendaverndarráðsfundi Í námsvísum komi fram skipulag íþróttakennslu og vettvangsferða <b>Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur og íþróttakennrarar</b>

# að þróa fjölbreytt námsmat sem tekur mið af námsmarkmiðum og kennsluaðferðum

Markmið

Leiðir

Nánari útfærsla

Gera úttekt á námsmatsaðferðum og móta þróunaráætlun út frá niðurstöðum hennar

*Námsmat þróað og það samræmt áherslu á einstaklingsmiðað skólastarf og fjölbreytta kennsluhætti*

*Könnun lögð fyrir kennara í mars 2008.*  
**Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur**

# að auka færni nemenda í ákvarðanatöku, sjálfstæðri og skapandi hugsun

Markmið

Leiðir

Nánari útfærsla

Gefa nemendum kost á að taka þátt í verkefnum sem hvetja til nýsköpunar og skapandi hugsunar	<i>Fjölbreytt kennsla í list- og verkgreinum og tæknimennt – skrifleg áætlun sem kynnt verður fyrir foreldrum og birt í skólanámskrá</i> <i>Skrifleg áætlun í nýsköpun - nýsköpunarkeppni</i>	<i>Skrifleg áætlun í list- og verkgreinum liggi fyrir árslok 2008. Könnun um list- og verkgreinar lögð fyrir nemendur, kennara og foreldra í apríl 2008</i> <b>Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur</b>
Þróa vinnubrögð þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í skipulagi eigin náms	<i>Unnið sem hluti af þróunarverkefni í 1. og 2. bekk 2007-2008. Verkefnið metið með könnunum sem lagðar eru fyrir kennara.</i> <i>Innleitt í eldri bekki 2008-2010</i>	<i>Skyrsla um þróunarverkefni liggi fyrir í lok skólaárs 2008.</i> <b>Ábyrgð: Deildarstjóri yngri deilda og verkefnisstjórar</b> <i>Könnun(hluti af lokaskýrslu) lögð fyrir kennara/starfsmenn sem taka þátt í verkefninu í maí 2008.</i> <b>Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur</b>

# að efla félags- og samskiptafærni nemenda í leik og starfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan

Markmið

Leiðir

Nánari útfærsla

Búa nemendum hvetjandi námsumhverfi þar sem samskipti mótað af virðingu og samhug	<i>Unnið með leiðarljós skólans – 2007 Viðhorfakannanir lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn</i>	<i>Unnið með leiðarljós skólans í lífsleiknitínum. Sjá skipulag á skóladagatali. Skriflegt mat umsjónarkennara Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur - umsjónarkennrarar og námsráðgjafi</i>
Móta áætlun um hvernig staðið verði að því að byggja upp og efla jákvæðan „bekkjar“ anda	<i>Skrifleg áætlun með þátttöku nemenda, kennara og annarra sérfræðinga. Unnið með leiðarljós skólans – 2008. Skólareglur - skólabragur</i>	<i>Nemendaráð, deildarstjórar og námsráðgjafi skipuleggja vinnuferlið. Skrifleg áætlun liggi fyrir í október 2008. Koma á agastjórnunarkerfi 2008. Ábyrgð: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og matshópur</i>
Starfa samkvæmt eineltisáætluninni: Gegn einelti í Garðabæ	<i>Í gangi - Stöðug upprifjun og endurmat. Könnun lögð fyrir alla nemendur grunnskóla í Garðabæ að tilstuðlan eineltisteymis</i>	<i>Skoðað í samhengi við niðurstöður úr tengslakönnun tvívar á ári. Umsjónarkennrarar fylgjast náið með nemendum sínum og vinna samkvæmt vinnuferli um einelti. Fjöldi mála á ári skoðaður og borin saman Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur, námsráðgjafi og allir starfsmenn</i>
Kanna líðan og viðhorf nemenda með reglubundnum hætti	<i>Viðhorfa- og tengslakannanir lagðar fyrir nemendur tvívar á ári. Viðmið að 90% nemenda séu ánægðir 95% líði vel í skólanum</i>	<i>Tengslakönnun lögð fyrir nemendur tvívar á ári – í október og janúar Ábyrgð: Matshópur, námsráðgjafi og umsjónarkennrarar</i>

Upplýsa foreldra um félagslega stöðu nemenda með reglubundnum hætti	<i>Skriflegt verkferli um hvernig umsjónarkennurum og öðrum sérfræðingum ber að upplýsa foreldra um stöðu nemenda.</i>	<i>Foreldrum kynntar niðurstöður úr tengslakönnun og viðhorfakönnun sem lögð er fyrir nemendur Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur, námsráðgjafi og umsjónarkennarar</i>
Móta áætlun um jafnrétti, lýðræðislega umræðu og þátttöku nemenda við framkvæmd skólastarfsins	<i>Starfandi sé nemendaráð með fulltrúum nemenda í 6.-7. bekk – jafnt kynjahlutfall. Fulltrúi nemenda sitji í umhverfisnefnd skólans. Lagðar séu kannanir fyrir nemendur með reglubundnum hætti t.d. um færnimiðað nám, mótneyti, líðan og samskipti og tekið mið af þeim niðurstöðum við skipulagningu skólastarfs</i>	<i>Nemendaráð fundi einu sinni í mánuði með deildarstjóra eldra stigs og fulltrúa foreldrafélags tvívar á skólaári. Könnun um færnimiðað nám árlega í mars. Könnun um mótneyti annaðhvort ár, tengslakönnun tvívar á ári Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur, námsráðgjafi, deildarstjóri eldri deilda og umsjónarkennarar</i>
Pjálfa nemendur markvisst í að tjá sig í minni og stærri hópum við fjölbreyttar aðstæður	<i>Samkomur á sal, bekkjarskemmtanir, kynning á verkefnum, Stóra upplestrarkeppnin, kennsla í framkomu og ræðumennsku samþætt í skólastarfinu</i>	<i>Hver bekkur skipuleggur og kemur fram á sal a.m.k. einu sinni á ári. Nemendur kynna verkefni hver fyrir öðrum, eldri nemendur lesa fyrir yngri nemendur, þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni í apríl ár hvert (7. bekkur). Skemmtiatriði á bekkjarskemmtunum, þorrablöti og árshátið. Sérstakur kafli í ársskýrslu skólans. Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans</i>

# að þar starfi áhugasamir, hæfir og vel menntaðir kennarar og annað starfsfólk

Markmið

Leiðir

Nánari útfærsla

<p>Gera árlega símenntunaráætlun sem tekur mið af símenntunarþörf einstakra starfsmanna, markmiðum skólans og þróunaráætlun</p>	<p><i>Gera þríþætta símenntunaráætlun árlega ásamt því að skrá upplýsingar um endurmenntun starfsmanna</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><i>a) Áherslur miðað við stefnu skólans</i></li> <li><i>b) Áherslur/þörf starfsmanna eins og þær koma fram í starfsmannaviðtölum</i></li> <li><i>c) Óskir einstakra starfsmanna</i></li> </ul> <p><i>Jafnréttisáætlun</i> <i>Starfsmannaviðtol - úrvinnsla</i></p>	<p><i>Starfsmenn sæki um að fara á námskeið á til þess gerðum eyðublöðum sem skilað er til skólastjNámskeiðin eru ýmist greidd úr sjóðum starfsmanna eða af skólanum, en það fer eftir: Mikilvægi námskeiðsins fyrir skólanum sbr. 1, b, og c og inneign viðkomandi í sjóði.</i></p> <p><i>Athugasemdir/ábendingar úr starfsmannaviðtölum flokkaðar og kynntar og brugðist við eins og hægt er. Kannanir um líðan og samskipti, nám og kennslu og stjórnun og stefnumótun lagðar fyrir starfsmenn á tímabilinu. Kynnt í sjálfsmatsskýrslu.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Aðstoðarskólastjóri</b></p>
---	--	--

# að öllum nemendum standi til boða hollur hádegisverður

Markmið

Leiðir

Nánari útfærsla

Markmið	Leiðir	Nánari útfærsla
Bjóða upp á næringarríkar máltíðir samkvæmt leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar	Í boði	<b>Ábyrgð: Skólaskrifstofa</b>
Vinna að því í samvinnu við foreldra- og nemendaráð að auka gæði þess matar sem er í boði hverju sinni	<i>Undir stöðugu eftirliti matvælafræðings, og neytenda, foreldra og skólaskrifstofu</i>	<i>Kannanir lagðar fyrir nemendur og foreldra annaðhvort ár í október. Niðurstöður kynntar nemendaráði, foreldraráði og skólaskrifstofu.</i> <b>Ábyrgð: Skólastjóri og matshópur</b>
Stefna að því að öll börn borði heitan mat í skólanum í hádeginu	<i>Stefna skólans – öll börn borði heitan mat alla daga. Kannanir skólaskrifstofu/foreldra á viðhorfi foreldra til máltíða og skipulags</i>	<i>Skólastjórnendur vinna að því í samvinnu við foreldraráð að allir nemendur verði í mataráskrift alla daga. Í skólanámskrá fyrir árið 2008-2009 verður einungis leyfilegt að koma með hollt nesti í morgunhressingu.</i> <b>Ábyrgð: Skólaskrifstofa</b>



# **Sjálfsmatsáætlun Hofssstaðaskóla**

**2007-2009**

# **Priggja ára matsáætlun Hofsstaðaskóla**

Samkvæmt grunnskólalögum 66/1995 með síðari breytingum ber grunnskólum að leggja mat á eigin starfsemi. Í því felst að sérhver skóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan hans. Í Hofsstaðaskóla verður sjálfsmatið byggt á þeim þáttum sem fram koma í skólastefnu Garðabæjar og framkvæmdaáætlun skólans sem er útfærsla af skólastefnunni. Vefkannanakerfið Survey Console, eða annað álíka kerfi t.d. úr Mentor, verður notað til að meta ýmsa þætti skólastarfssins. Vefkannanir eru hluti af sjálfsmatsferli skólans en kannanir eru sendar út í ýmsum viðfangsflokkum. Áætlun skólans er til þriggja ára – jafnlöng gildistíma skólastefnunnar eða frá ársbyrjun 2007 til ársloka 2009.

Tilgangur sjálfsmats er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í hverjum skóla, greina þarfir skólans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Sjálfsmati er ætlað að skilgreina styrkleika og veikleika, draga fram það sem vel er gert og benda á það sem betur má fara.

Skipaður verður matshópur sem í sitja skólastjóri, deildarstjóri og umsjónarkennrarar (yngra og eldra stig) og sérgreina-/sérkennari.

Styrkur fékkst frá menntamálaráðuneyti til að halda námskeið um einstaklingsmiðað skólastarf, en í skólastefnu Garðabæjar er skólum ætlað að vinna í auknum mæli samkvæmt þeirri hugmyndafræði.

Ennfremur fengust styrkir frá menntamálaráðuneyti til að vinna þróunarverkefni um fjölbreytta kennsluhætti í 1.-2. bekk og ensku kennslu í 1.-4. bekk. Skýrslum þar sem verkefnin eru metin og kynnt verður skilað til menntamálaráðuneytis, þær kynntar starfsmönnum skólans og foreldraráði. Skýrslurnar verða birtar á heimasíðu skólans.

Sjálfsmatsskýrsla sem unnin er í lok hvers árs (desember/janúar) er kynnt starfsmönnum skólans, foreldraráði og nemendaráði. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans.

Í október 2007

Margrét Harðardóttir  
Skólastjóri Hofsstaðaskóla

## Fyrsta ár

Tími 1. ár - 2007	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og bátttakendur
Febrúar -	Könnun lögð fyrir <b>foreldra</b> um vetrarfrí	Skólaskrifstofa
Febrúar-apríl	Undirbúningsvinna – <b>framkvæmdaáætlun</b> skólans sbr. Skólastefnu Garðabæjar	Skólastjörnendur og starfsmenn skólans
Febrúar-mars	<b>Starfsmannaviðtöl</b> – samantekt um veikar og sterkar hliðar, ábendingar og athugasemdir – hugmyndir að umbótum	Skólastjörnendur
Maí	Könnun lögð fyrir <b>nemendur</b> í 5.-7. bekk um skipulag á færnimiðuðu námi	Deildarstjóri eldra stigs
Október	Tengslakönnun lögð fyrir <b>nemendur</b> í október	Námsráðgjafi og umsjónarkennrarar
Október	Kynning fyrir <b>starfsmenn</b> á samantekt starfsmannaviðtala í febrúar	Aðstoðarskólastjóri
Nóvember	Könnun lögð fyrir <b>nemendur</b> um viðhorf þeirra til mótuneytis	Kennari Hofsstaðaskóla í námsleyfi
Nóvember	Könnun um nám og kennslu lögð fyrir <b>nemendur</b> í 4.-7. bekk	Matshópur
Nóvember	Könnun lögð fyrir <b>foreldra</b> um nám og kennslu	Matshópur
Nóvember	Könnun lögð fyrir <b>kennara</b> um nám og kennslu	Matshópur
Desember/janúar	<b>Sjálfsmatsskýrsla unnin</b> , þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar skólastarfsins og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem farið hefur fram á árinu	Matshópur

## Annað ár

Tími 2. ár - 2008	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og báttakendur
Janúar	Skil á áfangaskýrslum vegna <b>þróunarverkefna</b>	Deildarstjóri yngri deildar verkefnisstjórar og kennarar í 1. og 2. bekk
Febrúar	Könnun um líðan og samskipti lögð fyrir <b>starfsmenn</b>	Matshópur
Mars	Könnun lögð fyrir <b>kennara</b> um tilhögun námsmats	Matshópur
Febrúar-mars	<b>Starfsmannaviðtöl</b> - samantekt um veikar og sterkar hliðar, ábendingar og athugasemdir – hugmyndir að umbótum	Skólastjórnendur
Apríl	Könnun lögð fyrir <b>nemendur í 4.-7. bekk og foreldra</b> um nám og kennslu - námsgreinar	Matshópur
Maí	Könnun lögð fyrir <b>nemendur og foreldra</b> í 5.-7. bekk um skipulag á færnimiðuðu námi	Deildarstjóri eldra stigs
Júní	Lokaskil vegna <b>þróunarverkefna</b> skv. umsókn	Deildarstjóri yngra stig, verkefnisstjórar og kennarar í 1. og 2. bekk
Júní	Verklok <b>námskeiðs</b> um einstaklingsmiðað skólastarf	Stýrihópur
Október	Tengslkönnun lögð fyrir <b>nemendur</b> í október	Matshópur og námsráðgjafi
Október	Könnun lögð fyrir <b>foreldra</b> um skólann, stjórnun og stefnumótun og upplýsingastreymi	Matshópur
Október	Kynning fyrir <b>starfsmenn</b> á samantekt starfsmannaviðtala í febrúar	Aðstoðarskólastjóri
Nóvember	Könnun lögð fyrir <b>starfsmenn</b> – almennt um skólann	Matshópur
Desember/janúar	<b>Sjálfsmatsskýrsla</b> unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar skólastarfsins og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem farið hefur fram á árinu	Skólastjórnendur og matshópur

## Priðja ár

Tími 3. ár - 2009	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og bátttakendur
Febrúar	Könnun lögð fyrir <b>starfsmenn</b> –stjórnun og stefnumótun og upplýsingastreymi	Matshópur
Febrúar-mars	<b>Starfsmannnaviðtöl</b> – samantekt um veikar og sterkar hliðar, ábendingar og athugasemdir – hugmyndir að umbótum	Skólastjórnendur
Apríl	Könnun lögð fyrir <b>nemendur</b> um líðan, samskipti og skólann	Matshópur
Maí	Könnun lögð fyrir <b>nemendur og kennara</b> í 5.-7. bekk um skipulag á færnimiðuðu námi	Deildarstjóri eldra stigs
Október	Tengslakönnun lögð fyrir <b>nemendur</b> í október	Námsráðgjafi og umsjónarkennrarar
Október	Könnun lögð fyrir <b>nemendur og foreldra</b> um viðhorf þeirra til mötuneytisins	Matshópur
Október	Kynning fyrir <b>starfsmenn</b> á samantekt starfsmannaviðtala í febrúar	Aðstoðarskólastjóri
Nóvember	Könnun um lögð fyrir <b>foreldra</b> um líðan og samskipti nemenda	Skólastjórnendur og matshópur
Nóvember	Könnun lögð fyrir <b>kennara</b> um nám og kennslu - námsgreinar	Matshópur
Desember/janúar	<b>Sjálfsmatsskýrsla</b> unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar skólastarfsins og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem farið hefur fram á árinu	Skólastjórnendur og matshópur



# Sjálfsmatsskýrsla Hofsstæðaskóla

**2007**

## **Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla fyrir árið 2007 - ásamt umbótaáætlun -**

Tilgangur með sjálfsmati skóla er að mati Gerðar G. Óskarsdóttur að meta gæði eða gildi mikilvægra þátta skólastarfs, bera niðurstöður saman við markmið, viðmið eða staðla og taka ákvarðanir er byggja á þessum niðurstöðum.

Í riti menntamálaráðuneytis um sjálfsmat skóla (bláa kverið) kemur fram að tilgangur með mati eigi að auðvelda skólafólk að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla þannig að umbótum. Sjálfsmatið á að vera liður í frekari þróun skólans og eðlilegur hluti af starfs- og þróunaráætlunum hans. Sjálfsmat á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólastarfsins.

Matshópurinn hefur ofangreind atriði að leiðarljósi í þessari vegferð og vill leggja á það áherslu að litið sé á niðurstöður matsins sem tækifæri til umbóta og að umbótaáætlun verði fylgt úr hlaði.

Haustið 2007 óskaði skólastjóri eftir fulltrúum starfsmanna til að vinna að sjálfsmatsáætlun fyrir Hofsstaðaskóla sem tæki til næstu þriggja ára þ.e.að hún hefði sama gildistíma og Skólastefna Garðabæjar. Lögð var áhersla á að í hópnum væru starfsmenn allra hagsmunahópa, en hópinn skipa: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Anna Magnea Harðardóttir umsjónarkennari í 6. bekk fulltrúi kennara á eldra stigi, Anna Laxdal stuðningsfulltrúi, Ásta Kristjánsdóttir kennari, fulltrúi kennara á yngra stigi, Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri yngra stigs, Ester Jónsdóttir textílkennari og Margrét Einarsdóttir deildarstjóri sérkennslu.

Hópurinn útbjó matsáætlun til þriggja ára sem byggir að mestu á könnunum sem lagðar verða fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Hver könnun er um 20 spurningar, en spurt er um atriði sem snúa m.a. að kennslu, skipulagi, stjórnun og líðan nemenda og starfsfólks í skólanum.

Kennsluráðgjafi skólans í tölvukennslu, Elísabet Benónýsdóttir, var hópnum innan handar um kaup og uppsetningu á vefkannanakerfinu Survey Console og kunnum við henni bestu þakkir fyrir. Hún sá einnig um að senda og vinna úr spurningakönnunum, nema þeirri sem lögð var fyrir nemendur í 1.-3. bekk, en það gerði Helga Sigrún Sveinsdóttir skólaritari. Könnun fyrir nemendur í 1.-3. bekk var lögð fyrir á pappír, en svarmöguleikarnir voru þrenns konar broskarlar.

Þar sem árið 2007 var fyrsta ár sjálfsmatsins af þremur er ekki hægt að bera niðurstöður saman við fyrri ár nema í einstökum tilvikum þar sem sambærileg könnun hefur verið lögð fyrir áður.

Stefnt er að því að nota stefnumiðað árangursmat (BSC) sem matstæki þegar fram í sækir, en þeir þættir sem hér eru skoðaðir rúmast allir innar vídda skorkortsins.

Sjálfsmatshópur Hofsstaðaskóla  
febrúar 2008

## **1. Starfsáætlun – skóladagatal Hofsstaðaskóla**

Í kjarasamningi KÍ og Launaneftndar sveitarfélaga segir að starfsár kennara skuli vera frá 15. ágúst til 15. júní ár hvert. Undirbúningsdagar við upphaf og lok skólaárs skulu vera átta. Undirbúningsdagar á skólaárinu eru fimm. Heimilt er að færa þessa daga til sbr. skóladagatal með samþykki skólanefndar og innan ramma kjarasamnings (fskj. 1-2).

Samkvæmt skólastefnu Garðabæjar 2007-2009 skulu undirbúningsdagar og vetrarleyfi vera samræmd milli skóla í Garðabæ. Undirbúningsdagar í leik- og grunnskóla skulu einnig vera samræmdir eins og kostur er.

Í Hofsstaðaskóla eru svokallaðir skertir dagar fimm, en samkvæmt ýtrrustu túlkun kjarasamnings mega þeir vera allt að tíu. Sjá kjarasamning KÍ og LNS. Auk þess eru prófdagar hjá 5.-7. bekk samtals fjórir á ári, en þeir eru örlítið styttri en stundaskráin segir til um.

Skólaskrifstofa óskaði eftir að skólinn skilaði starfsáætlun fyrir skólaárið 2007-2008 þar sem fram kaemu helstu áherslupunktar og viðburðir skólaársins. Í starfsáætluninni er tæpt á þeim atriðum sem unnið er að eða verður lokið við vorið 2008 (fskj. 3).

Þó nokkrar nýjungar voru innleiddar sl. haust, aðrir þættir endurskoðaðir og uppfærðir. Má þar helst nefna þróunarverkefni um fjölbreyta kennsluhætti og ensku kennslu í 1.-4. bekk. Námskeið fyrir alla starfsmenn um einstaklingsmiðaða kennsluhætti og námsmat. Aukið samstarf við leikskólanum Hæðarból, þróunarverkefni um kennslu blinds nemanda, endurskoðun á lestrarstefnu, ráðning deildarstjóra í sérkennslu og bókasafnsfræðings. Eins og sjá má í meðfylgjandi starfsáætlun tekur starfsáætlunin til fjölmargra þátta, en þeir eru flestir tengdir markmiðum í skólastefnu Garðabæjar.

## **2. Vetrarleyfi í Hofsstaðaskóla**

Skólaskrifstofa Garðabæjar lagði könnun fyrir foreldra barna í grunnskólum í Garðabæ í febrúar 2006 og 2007 varðandi vetrarleyfi. Mikill meirihluti þeirra sem svöruðu könnuninni óskaði eftir að vetrarleyfi sé ein vika á vorönn. Í skóladagatali skólans fyrir skólaárin 2006-2008 má sjá að tekið er tilliti til þessarar niðurstöðu (fskj. 4).

Nokkur umræða hefur verið um hvort samþykkt í skólastefnu Garðabæjar um samræmda undirbúningsdaga fyrir leik- og grunnskóla í Garðabæ rýri gildi þeirra til faglegs undirbúnings þar sem áherslur og aldur nemenda í hinum einstöku skólum er ekki sá sami. Hér getur því verið um hagsmunaárekstra að ræða, en skólanir starfa samkvæmt samþykktri skólastefnu Garðabæjar.

Það sama gildir um vetrarleyfi, þar fara ekki endilega saman hagsmunir foreldra, nemenda og starfsfólks. Haustönnin er löng og samfelld, en þær raddir hafa heyrst í starfsmannahópnum að eðlilegra sé að hafa haustfrí fremur en vorfrí, sér í lagi þar sem páskar brjóta upp vorönnina og þreytu fer að gæta hjá nemendum fyrri hluta nóvembermánaðar.

*Ekki verður að öðru leyti lagt mat á skóladagatalið, enda er það fyrst og fremst ákvörðun skólanefndar Garðabæjar skv. lögum.*

### **3. Skólastefna Garðabæjar – framkvæmdaáætlun Hofsstaðaskóla**

Skólastefna Garðabæjar 2007-2009 lá fyrir um mitt ár 2006, en eitt af fyrstu verkefnum nýs skólastjóra í janúar 2007 var að skrifa, kynna og útfæra framkvæmdaáætlun skólans. Framkvæmdaáætlunin var kynnt á fundi skólanefndar í Hofsstaðaskóla 8. mars 2007.

Yfirmarkmið skólastefnu Garðabæjar eru níu talsins. Verið er að vinna að þeim öllum í skólanum, en áhersla er lögð á mismunandi þætti á mismunandi tíma. Markmiðin eru langtímaperkmið sem ekki er hægt að leggja mat á hvort hafi náðst fyrr en í fyrsta lagi að ári. Hins vegar má segja að skólastefnan hafi ýtt við starfsfólk Hofsstaðaskóla og leitt til þess að nú hefur verið gerð skipuleg framkvæmdaáætlun þar sem hægt er að leggja mat á einstaka þætti skólastarfsins sem unnir eru út frá markmiðum í skólastefnu Garðabæjar.

Nú þegar hefur verið hafist handa við að endurskoða Lestrarstefnu skólans m.a. á fyrirlagningu lestrarprófa, stefnu í sérkennslu áætlun um móttöku nýbúa og annarra nýrra nemenda liggur fyrir, verið er að innleiða fjölbreyttari kennsluhætti og aukið samstarf milli bekkja innan árgangs og milli árganga ásamt því að endurskoða námsmatsaðferðir (fskj. 5).

Aðgerðaráætlun skólans vegna verkefnisins – „Allt hefur áhrif“ liggur nú fyrir. Á þessu skólaári verður unnið markvisst samkvæmt áætluninni og verkefnin borin saman við gátlista. Nokkur samþætting/skörum er á milli markmiða í skólastefnunni og framkvæmdaáætlunar skólans en nefna má að útikennsla er hluti af þróunarverkefni í 1 og 2. bekk ásamt því að vera eitt af níu markmiðum skólastefnunnar. Einnig tengist útikennslan umhverfisstefnu skólans (fskj. 6).

*Í lok árs 2009 verður lagt mat á hvernig skólanum tókst í heildina að uppfylla þau markmið sem sett eru fram í skólastefnu Garðabæjar.*

### **4. Starfsmannasamtöl**

Tekin voru starfsmannasamtöl við alla starfsmenn í febrúar 2007. Skólastjóri og deildarstjórar eldra og yngra stigs tóku viðtölin (ekki var starfandi aðstoðarskólastjóri við skólann á þessum tíma). Allir starfsmenn fengu viðtalseyðublað afhent a.m.k. viku fyrir viðtal. Unnið var úr viðtölunum þ.e. spurningar voru flokkaðar og helstu atriði dregin saman. Niðurstöður voru afhentar öllum starfsmönnum og kynntar á kennarafundi í október 2007 (fskj. 7 og 8). Stjórnendur hafa brugðist við athugasemdum eins og mögulegt er. Það sem lítað er rautt teljum við okkur hafa lagfært og það sem er lítað gult er í vinnslu.

### **5. Færnimiðað nám**

Í Hofsstaðaskóla er nemendum í 5.-7. bekk skipt í hópa í ensku og stærðfræði í samræmi við námsrárangur – færnimiðað nám. Viðhorfskönnun var lögð fyrir nemendur árin 2006 og 2007 til að kanna viðhorf og ánægju þeirra með þetta fyrirkomulag. Draga má þá ályktun að nemendur séu almennt ánægðir, en tekið hefur verið tillit til ábendinga þeirra t.d. varðandi stærð hópa eftir því sem kostur er m.t.t. fjárhagsáætlunar skólans. Haustið 2007 var öllum foreldrum nemenda í 5.-7. bekk sent bréf í þeim tilgangi að kynna færnimiðað nám enn betur fyrir þeim.

Tilgangurinn með þessari námskipan er samkvæmt markmiðum aðalnámskrár að koma til móts við hvern nemanda miðað við námgetu hans (einstaklingsmiðum-hópamiðuð markmið)

Færnimiðað nám í ensku og stærðfræði í 5. – 7. bekk hefur reynst vel í Hofsstaðaskóla. Fyrirkomulagið nýtist ekki aðeins nemendum sem standa sig vel í námi sem var upphaflegt markmið heldur ekki síður nemendum sem eiga erfiðara með nám og þurfa mikinn stuðning. Samkvæmt stefnu skólans verður færnimiðað nám áfram í 5. – 7. bekk (*fskj. 9*).

## 6. Tengslakönnun

Það er mjög mikilvægt er að fylgjast með líðan nemenda í skólanum. Félagsleg staða nemenda innan bekkjar hefur mikil áhrif á líðan hans og því nauðsynlegt að umsjónarkennari, námsráðgjafi og aðrir hafi yfirsýn yfir félagslega stöðu nemenda. Í tengslakönnun velja nemendur þrjá nemendur sem þeir ýmist vilja leika við í frímínútum, sitja hjá eða verja frítíma sínum með. Spurningarnar eru ólíkar eftir árgöngum.

Umsjónarkennrarar í Hofsstaðaskóla hafa lengi kannað líðan og félagslega stöðu nemenda sinna með tengslakönnun. Kennrarar hafa hingað til haft frjálsar hendur um fyrirkomulag og úrvinnslu þessara kannana.

Námsráðgjafi og/eða umsjónarkennrarar leggja tengslakönnun fyrir alla bekki tvisvar á ári, en eitt af markmiðum skólastefnu Garðabæjar er að skoða félagslega stöðu nemenda og samskipti markvisst og kynna foreldrum í foreldraviðtölum. Nýverið keypti skólinn forritið Socoan. Forritið vinnur úr gögnunum, framkvæmir tengslagreiningu, býr til tengslarit og skilar skýrslu. Úrvinnslan er mjög fljótvirk og gefur myndrænar niðurstöður um félagsleg tengsl í bekk sem auðvelt er að lesa úr. Niðurstöður sýna hver félagsleg staða nemenda er, hvort þeir eigi fáa eða marga vini og hvort vinasambandið sé gagnkvæmt. Námsráðgjafi kynnir umsjónarkennara niðurstöðurnar bæði munnlega og í skýrsluformi.

Spurningalista er hægt að nálgast á sameignarsvæði skólans sem ýmist námsráðgjafi eða umsjónarkennari leggur fyrir bekkinn. Í yngri árgöngum, t.d. 1. bekk og 2. bekk fer framkvæmd könnunarinnar fram á annan hátt. Þá hittir námsráðgjafi hvern og einn nemanda og ræðir við hann um félagslega stöðu og vini. Skráir síðan niðurstöður líkt og í öðrum árgöngum.

Umsjónarkennari ræðir um niðurstöður tengslakönnunar í foreldraviðtali og kynnir foreldrum þeirra barna sem huga þarf að niðurstöður könnunarinnar. Foreldrar fá því formlega upplýsingar um félagslega stöðu barnsins tvisvar á ári ef þörf þykir.

Námsráðgjafi og umsjónarkennrarar telja að með notkun Socoan verði tengslakönnun samræmdari, markvissari og árangursríkari og foreldrar fá þá alltaf upplýsingar sem eru samanburðarhæfar (*fskj. 10*).

## **7. Viðhorfskönnun nemenda til mótneytis skólans**

Í nóvember 2007 var lögð spurningakönnun fyrir alla nemendur skólans í 4.-7. bekk í þeim tilgangi að safna upplýsingum um viðhorf þeirra til matarmála í skólanum. Könnunin var lögð fyrir af nemenda í alþjóðamarkaðsfræðum við HR. Markmið nemandans með verkefninu er m.a. að kanna viðhorf nemenda til þeirra máltíða sem eru í boði.

Spurningakönnunin samanstendur af 12 spurningum, en í þeirri síðustu eru sjö undirflokkar. Tilgangurinn er að mæla ánægju nemenda með matinn sem Garðabær/Hofsstaðaskóli kaupir af fyrirtækinu Skólamat.is. Ennfremur eru nemendur spurðir hvort þeir telji að heit máltíð í hádeginu hafi áhrif á námgetu þeirra. Að lokum eru nemendur spurðir hvort þeim sé boðið upp á nægjanlega mikið af ávöxtum og grænmeti.

Mikill meirihluti þeirra nemenda sem eru í mataráskrift borða heitan mat heima hjá sér á kvöldin. Þessi sami hópur telur einnig að heitur matur í hádegi hafi áhrif á námsetu. Þeir nemendur sem ekki eru mataráskrift telja að ekki sé boðið upp á nægjanlega mikið af ávöxtum og grænmeti, en líklegt er að þeir hafi neikvætt viðhorf til mótneytisins.

Ef niðurstöður könnunarinnar eru dregnar saman má sjá meirihluti þeirra nemenda sem eru í mataráskrift eru ánægðir, áskrift hefur aukist og gæði máltíðanna sömuleiðis. Nemendur telja sömuleiðis að foreldrum þeirra finnist máltíðin ekki of dýr (fskj. 11).

## **8. Viðhorfskannanir um nám og kennslu – 1. hluti**

*Pær þrjár kannanir sem hér er greint frá eru sambærilegar, en markhóparnir ólíkir, þ.e. nemendur, foreldrar og kennarar og orðalag spurninga ólikt eftir því hver í hlut á. Hver könnun er um 20 spurningar, en svarmöguleikar eru fimm. Svörum var mest hjá nemendum, en minnst hjá foreldrum.*

### **Viðhorfskönnun fyrir kennara um nám og kennslu - 1. hluti**

Könnun um nám og kennslu var lögð fyrir kennara í desember. Þar sem könnunin fjallar eingöngu um nám og kennslu á hún ekki erindi við annað starfsfólk. Frestur til að svara könnuninni var ein vika sendur var tölvupóstur tvísvar til að minna þáttakendur á. Svörum var 86.05% sem telst harla gott í jólaundirbúningnum. Spurningar voru 23. Ef svörin í tveimur efstu flokkunum eru skoðuð saman eru yfir 80% kennara ánægðir með 17 spurningar af 23. Þær spurningar sem skera úr eiga jafnt við um kennarana sjálfa og nemendur.

Í spurningu númer 7 er spurt „*Hversu mikið telur þú að kennarar miðli faglegrí reynslu með því t.d. að sýna samkennurum nýjar kennsluaðferðir eða hugmyndir um útfærslu?*“ en aðeins 66.67% telja svo vera ef miðað er við tvo efstu flokkana. Á fundi matshópsins í haust koma einmitt fram að kennarar vita mjög lítið hvað og hvernig aðrir kennarar gera, sérstaklega milli stiga.

*Ákveðið var að bæta úr þessu þá þegar, en ráðgert er að allir árgangar kynni á kennarafundum og/eða í tengslum við námskeið um einstaklingsmiðaða kennsluhætti verkefni sem þeir vinna að. Það sama gildir um list- og verkgreinakennara.*

Í spurningu númer 9 er spurt „*Telur þú að nemendur séu almennt hvattir af starfsfólki skólangs til að standa sig vel í skólanum?*“ Aðeins 72.97% telur svo vera, en þarna hlýtur að vera sóknarfæri fyrir hvern og einn kennara til að taka sig á.

Priðja spurningin sem kemur illa út og snýr að nemendum er spurning númer 11. „*Telur þú að nemendur fái almennt kennslu við hæfi, þ.e. að markmið, viðfangsefni og verkefni séu valin þannig að tekið sé tillit til þarfa einstakra nemenda?*“ 75.68% aðspurðra voru jákvæðir miðað við flokka eitt og tvö.

*Hver kennari verður hér að líta í eigin barm og spryra sig hvað get ég gert betur og leita aðstoðar frá samkennurum eða skólastjórnendum.*

*Pær þrjár spurningar sem hér hefur verið fjallað um tengjast allar með einum eða öðrum hætti þeirri umræðu sem farið hefur fram í veturnar varðandi fjölbreytta kennsluhætti, samstarfi árganga og milli árganga, auk námsmats. Vonandi færir sú umræða okkur fram á veginn í átt til betri árangurs.*

Aðeins 67.57% svarenda (spurning 12) „*telja að skilvirkar leiðir séu notaðar til að greina námsþarfir nemenda*“. Þessi niðurstaða ásamt fleiri þáttum leiðir til þess að umræða og kynning verður á sérkennslu á fyrsta kennarafundi ársins 2008.

*Almennt virðast kennrarar ekki gera sér grein fyrir því hvað og hverjir sinna sérkennslu.t.d. hvað varðandi færni miðað nám og getuskiptingu, sem getur verið tímabundin.*

Í spurningu 17 er spurt um „*þjónustu við nýbúa í skólanum*“. 67.57% telja þjónustuna góða. Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart þar sem móttaka nýbúa (fleiri en einn í einu) er nýlunda í skólanum. Nú hefur verið unnin áætlun um móttöku nýrra nemenda sem byrja í skólanum eftir að skólaár er hafið svo og um móttöku nýbúa.

Í 18. spurningu er spurt „*Hversu mikið leggja skólastjórnendur sig fram um að tryggja að nauðsynlegur stuðningur við nemendur sé til staðar?*“ Deildarstjóri í sérkennslu var í fyrsta sinn ráðinn í 50% starf við skólann haustið 2007, enda hefur nemendum með fatlanir fjölgað nokkuð í skólanum.

*Við þessa breytingu er sérkennslan skilvirkari og heildstæðari, en tíminn verður að leiða í ljós hvort við stjórnendur getum gert enn betur.*

Kennurum var boðið að svara í málstofu þ.e. koma hugmyndum og ábendingum á framfæri. Í málstofunni kemur m.a. fram að kennrarar þurfi að leggja meiri áherslu á að útbúa verkefni fyrir afburða nemendur og að kennrarar fái meiri tíma til samráðs. Ennfremur kalla margir eftir agakerfi sem nái til starfsfólks, nemenda og heimila. Einnig er bent á að skoða þurfi vinnuaðstöðu kennara þar sem starfsfólki fjölgar stöðugt, bæði vegna fjölgunar nemenda og fleiri fötluðum nemendum.

*Í heildina virðast kennrarar ánægðir með þá þætti náms og kennslu sem spurt var um. Að öðru leyti er vísað í niðurstöður úr sjálfri könnuninni (fskj. 12).*

## **Viðhorfskönnum fyrir nemendur um nám og kennslu - 1. hluti**

### **1.-3. bekkur**

Könnun fyrir nemendur í 1.-3. bekk var lögð fyrir á blaði undir umsjón umsjónarkennara. Svörun var nálægt 100%, enda könnunin gerð á skólatíma. Svarmöguleikar voru þrír mismunandi broskarlar/fýlukarlar. Könnunin samanstóð af 10 spurningum. Niðurstöður voru settar upp í töflureikni til þess að flokka þær og vinna súlurit úr þeim. Meirihluti nemenda er samkvæmt könnuninni ánægður með nám og kennslu í skólanum.

Í spurningu nr. 7. var spurt „*Er vinnufriður í bekknum þínum?*“ en sú spurning sker sig nokkuð úr en stór hluti nemenda taldi svo ekki vera. *Petta atriði þarf að ræða sérstaklega og kennarar þurfa að leita leiða til úrbóta.*

Meiri hluta nemanda finnst gaman í skólanum, þeir eru ánægðir bæði með umsjónarkennarann sem og aðra kennara og sáttir við heimanámið (fskj. 13).

### **4.-7. bekkur**

Vegna tæknilegra örðugleika var rafræn könnun ekki lögð fyrir nemendur í 4.-7. bekk fyrr en í janúar 2008, en hún er hluti af þessari skýrslu.

Svörun var nánast 100%, enda var könnun lögð fyrir á skólatíma. Spurningar eru almenns eðlis um nám og kennslu, umsjónarkennarann o.fl.

Í spurningu 8. var spurt „*Er vinnufriður í bekknum þínum?*“. Tæplega 70% nemenda töldu vinnufrið sæmilegan eða verri sem er í takt við svör nemenda í 1.- 3. bekk.

Í spurningu 10. og 11. var spurt um viðhorf nemenda til kennara almennt og til umsjónarkennara. Mikill meirihluti nemenda er ánægður með kennara eða um 75%.

Í spurningu 12. var spurt: „*Láta kennararnir þig vita hvernig þú stendur þig?*“ Niðurstaðan bendir til þess að kennrarar megi láta nemendur vita enn betur hvernig þeir standa sig í námi.

Nemendur eru almennt sáttir við hversu stangir kennrarar eru og eiga að vera ef marka má svör þeirra við spurningu 15. og 16. Þeir eru einnig upp til hópa ánægðir með kennsluna og kennsluaðferðir (fskj. 14).

## **Viðhorfskönnum fyrir foreldra um nám og kennslu - 1. hluti**

Ákveðið var að senda könnun á alla foreldra í þeirri von að svörun yrði marktæk. Leitað var eftir stuðningi foreldraráðs og foreldrafélags. Svarhlutfall var tæplega 70%.

Á heildina litið eru foreldrar jákvæðir gagnvart skólanum.

Í spurningu 3 var spurt: „*Hvernig finnst þér heimanámið?*“ Rúmlega 78% foreldra telja að heimanámið sé hæfilegt eða of lítið. Nokkur umræða hefur verið um heimanám og nauðsyn þess m.a. með hliðsjón af löngum vinnudegi nemenda. Samkvæmt þessari niðurstöðu teljum við okkur vera á réttri leið.

Meirihluti foreldra er sáttur eða mjög sáttur við námsárangur barna sinna og heildarnámsárangur í skólanum.

Í spurningu 8 var spurt: „*Hvernig telur þú að vinnufriður sé í kennslustundum?*“ Foreldar virðast sammála nemendum að vinnufriður mætti vera betri en þar er samhljómur milli svara foreldra, kennara og nemenda.

Í spurningu 20 var spurt: „*Telur þú að duglegir og afkastamiklir nemendur fái námsefni og hvatningu í samræmi við það?*“ Um 64% foreldra telja svo vera oftast eða oft en 29% stundum. Hér þurfum við greinilega að taka okkur á en í vetur hafa þessi mál verið sérstaklega til skoðunar.

Foreldrar áttu samkvæmt upplýsingum úr málstofu í sumum tilvikum erfitt með að svara spurningu um sérkennslu, kennlu nemenda með fötlun og nýbúa vegna ónógrar þekkingar. En þeir sem svöruðu voru frekar eða mjög ánægðir með þjónustuna. Foreldrar bentu á að það vantaði möguleikann á svarinu veit ekki og hvorki né. Einnig var minnst á heimanám, yfirferð/leiðréttingu í námsbókum og þjónustu við afburðanemendur. Foreldrar hrósa skólanum, eru ánægðir með einstaka kennara sem eru nafngreindir. Foreldrar, eins og kennrarar leggja til að tekið verði upp agakerfi, að auka þurfi símat og gera meiri kröfur til nemenda. Foreldrar vilja sjá meira af skipulögðum leikjum í frímínútum og fleira starfsfólk á gæslu. Ánægja virðist vera með hópaskiptingu í ensku og stærðfræði. Foreldrar gagnrýna einstaka þætti telja t.d. heimanám of mikið, lestrarkennslu/þjálfun ekki nægilega og að agastjórnum mætti vera betri. Fram kemur að skólinn sémátulega framsækinn, sé að vinna metnaðarfull þróunarverkefni og þar starfi hæft starfsfólks sem sé mjög jákvætt og vinni faglega. „*Dóttir míð er alsæl í skólanum sínum og finnst mér það skipta öllu máli.*“ „*Takk fyrir fyrirmynðar starf!*“ (fskj. 15).

## 9. Árangur á samræmdum prófum

Árangur nemenda í Hofsstaðaskóla á samræmdum prófum hefur verið yfir meðallagi á Stórvörðun á fundi með skólastjórum í febrúar. Aðaláherslur í áætluninni eru samkvæmt framfaraeinkunn nemenda sem voru í 4. bekk árið 2003 og í 7. bekk árið 2006 (sami nemendahópurinn). (fskj. 16).

## 10. Símenntunaráætlun

Í apríl 2007 var símenntunaráætlun skólans skilað til skólaskrifstofu samkvæmt ákvörðun á fundi með skólastjórum í febrúar. Aðaláherslur í áætluninni eru samkvæmt framkvæmdaáætlun skólans og áherslum og óskum starfsmanna (fskj. 17).

Flestum markmiðum áætlunarinnar hefur verið náð, en þó hefur ekki enn verið haldið námskeið um kennslu í náttúruvísindum og eðlisvísindum, en stefnt er að því að gera bragabót á því árið 2008.

Í starfsmannaviðtölum 2008 skila starfsmenn yfirliti yfir námskeið og fræðslufundi sem þeir hafa sótt á árinu en það verður notað til að bera saman endurmenntun starfsmanna milli ára.

## **11. Skólavísir**

Ekki er hægt að leggja heildarmat á skólastarfið nema taka Skólavísinn og fjármálin til skoðunar. Í Garðabæ fylgir fé barni, ef þannig má að orði komast. Að mati skýrsluhöfundar er Skólavísirinn gegnsær og nokkuð auðvelt að átta sig á honum, sérstaklega þar sem breytur eins og fjármagn vegna kennslu fatlaðra nemenda stendur fyrir utan hann, enda er ætíð óvissa um fjölda og frávik fatlaðra nemenda. Fjármagn til annarra þátta en launa er að mati skýrsluhöfundar af frekar skornum skammti, en til þess að uppfylla sum markmiðanna í skólastefnunni þarf viðbótarfjármagn, t.d. vegna endurnýjunar á vinnuherbergi kennara og að koma upp þráðlausu neti í skólanum. Markmiðið varðandi rekstur skólans er að vera innan áætlunar og nýta fjármagn vel. Nokkuð erfitt hefur verið að átta sig á stöðunni á hverjum tíma þar sem skólar hafa ekki haft aðgang að bókhaldskerfinu, en það stendur til bóta árið 2008. Skólinn er ekki í þeirri aðstöðu að skapa sér neinar beinar tekjur (*fskj. 18*).

Niðurstaða ársreiknings sýnir að skólinn var tæplega 1% undir fjárhagsáætlun samkvæmt upplýsingum í Smalaholti 28. febrúar 2008. Þá hafði ekki verið tekið tillit til vanáætlunar vegna tölvuþjónustu og launahækkanu kennara samtals upp á um 3.000.000,-. Að samanlögðu má segja að rekstur skólans sé meira ein viðunandi.

## **12. Einstaklingsmiðað nám - námskeið**

Endurmenntunarnámskeið um einstaklingsmiðað skólastarf, nám – kennsla - námsmat fyrir alla starfsmenn skólans sem vinna með nemendum hófst haustið 2007. Umsjón með námskeiðinu hafa Símenntun, rannsóknir og ráðgjöf - SSR, aðstoðarskólastjóri og tveir kennrarar. Námskeiðið er styrkt af menntamálaráðuneyti og er ætlað að vera undirbúnингur undir fjölbreyttari kennsluhætti og námsmat með aukinni áherslu á einstaklinginn.

Markmið námskeiðsins er að skoða og skilja hugmyndir um fjölbreytilega kennsluhætti og námsmat (nkn). Hugmyndin um einstaklingsmiðað nám er kynnt til sögunnar svo og rannsóknir og kenningar sem styðja við það. Kennrarar skipuleggja og kenna a.m.k. eitt verkefni – námsþátt undir leiðsögn leiðbeinenda námskeiðsins þar sem þeir spreyta sig á hugmyndafræði námskeiðsins í þeim tilgangi að mæta ólíkum þörfum nemenda (*fskj. 19*).

Kennrarar kynna verkefni sín fyrir samkennurum sínum á málstofu í lok skólaárs og verða þeir jafnframt beðnir um að meta námskeiðið.

## **13. Próunarverkefni**

Sótt var um two styrki til Próunarsjóðs menntamálaráðuneytis, annars vegar til að vinna þróunarverkefni um fjölbreytta kennsluhætti og hins vegar vegna ensku kennslu á yngsta stigi. Styrkir fengust til beggja verkefnanna. Samkvæmt samningi við SSR og menntamálráðuneyti ber skólanum að skila áfangaskýrslum vegna þróunarverkefna 8. janúar 2008, en formleg lok verkefna og skil lokaskýrslu eru í júní 2008 (*fskj. 01-21*).

#### **14. Umhverfisstefna - Grænfáni**

Margt hefur áunnist í umhverfismálum skólans á síðustu fjórum árum eða frá því að Hofsstaðaskóli setti sér fyrst umhverfisstefnu. Það sést best á því að skólinn flaggar nú Grænfána, viðurkenningu Landverndar sem hann fékk 16. nóvember 2007.

Skólasamfélagið er meðvitað um að stöðugt eftirlit, fræðsla, fundir og eftirfylgni sé nauðsynleg á stórum vinnustað eins og í Hofsstaðaskóla. Markmið og framtíðarsýn skólans er að umhverfisstefnan sé sjálfsagður hluti daglegs lífs nemenda og starfsfólks Hofsstaðaskóla. Skólar sækja á tveggja ára fresti um að halda Grænfánanum og má segja að því felist fyrst og fremst mat á verkefninu (*fskj. 23*).


Hofsstaðaskóla 3. mars 2007

f.h. stýrihóps um sjálfsmat í Hofsstaðaskóla

---

Magrét Harðardóttir, skólastjóri

## Sjálfsmatsskýrsla Umbótaáætlun 2007



## Umbótaáætlun 2007

### 1 Starfsáætlun

#### 1.1 Skóladagatal

Skóladagatalið er meira og minna ákvörðun skólanefndar, samkomulag grunnskóla innbyrðis og samkomulag grunnskóla og leikskóla, ekki eru neinar umbætur áætlaðar.

#### 1.2 Skólanámskrá

Skólanámskrá er uppfærð að hluta árlega. Stjórnendur skólans skila foreldraráði og skólanefnd árlega yfirliti yfir þær breytingar sem vænta má. Foreldraráð og skólanefnd veita umsagnir um breytingartillögurnar. Kennarar yfirfara námsvísa árlega og uppfæra þá. Skil á skólanámskrá í mars og september .

### 2 Vetrarleyfi

#### 2.1 Könnun

Það er ákvörðun skólanefndar með hliðsjón af könnun sem lögð var fyrir foreldra í febrúar 2006 að nemendur skuli hafa viku vetrarleyfi í febrúar.

### 3 Skólastefna Garðabæjar

#### 3.1 Framkvæmdaáætlun Hofsstaðaskóla

Framkvæmdaáætlun Hofsstaðaskóla fyrir árin 2007-2009 var lögð fram á fundi skólanefndar 8. mars 2007. Ennfremur var lögð fram tímaáætlun sem er fylgiskjal með sjálfsmatsskýrslunni. Eins og kemur fram í skýrslunni hefur skólinn að mestu haldið tímaáætlun, en einstaka verkþættir eru lengra komnir en aðrir skemur. Lokamarkmiðið er að árið 2009 verði öllum þáttum lokið.

#### 3.2 Starfsáætlun

Skjalið Nýbreytni- og þróun - starfsáætlun sýnir þá þætti sem unnið er með í veturn. Sumum verður lokið í vor, öðrum síðar. Allir þeir þættir sem koma fram í þessu skjali verða hluti af skólanámskrá og eðlilegur þáttur í skólastarfi. Þeir verða endurskoðaðir árlega.

#### 3.3 Útikennsla

Áætlun um útikennslu er unnin út frá markmiðum í framkvæmdaáætlun, en með tilkomu áætlunarinnar hafa kennarar gert átekna í útikennslu, sem verður fest enn betur í sessi á næstu árum.

Deildarstjórar yngri og eldri deilda hafa umsjón með útikennslunni, skipuleggja hana og skrá.

## **4 Starfsmannasamtöl**

Stjórnendur fara saman yfir starfsmannasamtöl og taka saman sterkar og veikar hliðar, ásamt ábendinum og tillögum frá starfsmönnum. Útbúið var eitt skjal sem notað er til úrbóta eftir því sem hægt er. Sjá fylgiskjal í skýrslu.

## **5 Færnimiðað nám**

Nokkur undanfarin ár hefur nemendum í 5.-7. bekk gefist kostur á að lera ensku og stærðfræði í svokölluðum færnimiðuðum hópum. Þessi tilhögun er ein leið skólans til að koma til móts við námsetu nemenda. Til þess að fylgjast með viðhorfi nemenda til þessa skipulags hefur verið lögð könnun fyrir nemendur sl. tvö ár. Nemendur eru almennt ánægðir með þetta skipulag, en töldu þó að námshópar mættu í sumum tilvikum vera minni. Stjórnendur skólans reyna eins og hægt er að koma til móts við þessar óskir.

## **6 Tengslakönnun**

Samkvæmt framkvæmdaáætlun skólans á að leggja tengslakönnun fyrir nemendur tvisvar á ári - fyrir foreldraviðtöl. Tilgangurinn er að veita foreldrum upplýsingar um félagslega stöðu nemenda og þar af leiðandi vellíðan þeirra. Haustið 2007 var lögð rafræn tengslakönnun fyrir nemendur. Námsráðgjafi vinnur úr niðurstöðum ásamt umsjónarkennurum.

## **7 Viðhorfskönnun til mötuneytis**

Kennari skólans, í námsleyfi - nemandi í HR, lagði könnun fyrir nemendur sem hluta af námsverkefni. Skólinn vill kanna viðhorf nemenda varðandi mötuneyti annað hvort ár. Niðurstöður eru þær helstar að nemendur eru almennt ánægðir og foreldrar virðast ekki telja máltafdir of dýrar að sögn nemenda.

## **8 Viðhorfskannanir - nám og kennsla**

Hluti af sjálfsmatsáætlun skólans eru viðhorfkannanir sem lagðar eru fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra samkvæmt sjálfsmatsáætlun.

Haustið 2007 (fluttið yfir á janúar 2008, vegna tæknilegra örðugleika) voru lagðar kannanir fyrir nemendur, kennara og forelda um nám og kennslu. Hver könnun var um 20 spurningar og voru þær lagðar fyrir rafrænt, nema könnun fyrir nemendur í 1.-3. bekk.

Ef niðurstöður eru dregnar saman þá telja of margir nemendur að ekki sé nógu góður vinnufriður í beknum þeirra.

Kennarar eins og nemendur telja að vinnufriður þurfi að vera meiri og kalla eftir agastjórnunarkerfi. Nú hefur verið settur á laggirnar starfshópur sem á að skoða hvaða kerfi hentar skólanum best og á hann að skila niðurstöðum í lok skólaárs.

Kennarar telja einnig að sinna beri afburðagreindum nemendum betur en nokkuð var unnið í þeim málum á haustönn 2007.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar þurfa stjórnendur að kynna sérkennslu betur fyrir starfsfólk skólans.

Við þurfum að taka okkur á í móttöku nýbúa en það viðfangsefni er nýtt af nálinni í skólanum og útbúa þarf móttökuáætlun.

Foreldrar eru einnig sammála nemendum og kennurum um að bæta þurfi aga og vinnufrið í skólanum. Foreldrar benda einnig á að auka þurfi gæslu í frímínútum.

Meirihluti foreldra er ánægður með heimanámið, en kennarar skólans eru meðvitaðir um að í sumum tilvikum þarf að einstaklingsmiða það enn betur.

Nokkuð var um gagnrýni af hálfu foreldra varðandi spurningar og bentu þeir á að það vantaði svarmöguleikann: hvorki né eða veit ekki. Tillit verður tekið til þessa í næstu könnunum.

## 9 Samræmd próf

Deildarstjórar taka saman niðurstöður samræmdra prófa nemenda í 4. og 7. bekk. Þeir bera saman niðurstöður milli ára, en sérstaklega er litið til framfara frá 4.-7. bekkjar, en unnið er með málið á deildarfundum. Kennrar skoða hvaða námsþætti þarf að leggja sérstaka áherslu á og óska eftir viðbótarkennslu fyrir nemendur þar sem það á við. Stjórnendur skólans buðu hópi nemenda upp á viðbótarkennslu í stærðfræði á vorönn 2007 vegna þess að framfarir voru mjög litlar.

## 10 Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun skólans er endurskoðuð árlega. Í Framkvæmdaáætlun skólans kemur fram að áætlunin er þríþátt, þ.e

Námskeið sem skólinn heldur fyrir alla eða flesta starfsmenn

Námskeið sem skólinn hvetur starfsmenn til að sækja vegna starfsins

Námskeið sem starfsmenn sækja að eigin ósk

Starfsmenn skólans skila inn yfirliti yfir námskeiðsókn sem er metin með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsmenn hafa almennt verið duglegir að sækja námskeið. Yfirlitið er geymt með starfsmannasamtölum og boríð saman milli ára.

## 11 Skólavísir

Bæjarskrifstofa/Skólaskrifstofa úthlutar fjármagni með hverjum nemanda, hvað varðar kennslukostnað og annan rekstrarkostnað.

Skólinn fær sérstaka úthlutun frá Skólaskrifstofu vegna nemenda sem falla undir lög um mállefni fatlaðra.

Skólinn var vel innan fjárhagsáætlunar fyrir árið 2007 eða allt að 2%, ef marka má upplýsingar úr Smalaholti 28. febrúar 2008.

Fjárhagsáætlun skólans fyrir skólaárið 2008 lá fyrir innan þeirra tímamarka sem gefin voru á Bæjarskrifstou.

Mjög gott samstarf er við Skólaskrifstofu og starfsmenn á Bæjarskrifstofu sem að málín koma.

## 12 Námskeið

Eins og fram kemur í kaflanum í símenntun bauð skólinn starfsmönnum (að skólaliðum, húsverði, ritara og matráðskonu undanskildum) upp á námskeið um einstaklingsmiðað nám. Námskeiðið var haldið á haustönn 2007 og vorönn 2008. Því lýkur í júní 2008. Lagt verður frekara mat á hvernig innihaldið skilar sér í kennslu að ári. Tengsl eru milli námskeiðsins og þróunarverkefna.

Námskeiðið er unnið í samstarfi við SRR en kennrarar koma frá Kennaraháskóla Íslands.

Stýrihópur sem skipaður var að stjórnendum, þ.e. tveir kennrarar og aðstoðarskólastjóri hafa dregið vagninn og hefur umtalsverð vinna lagst á þau, sem að öllu jöfnu hefði átt á vera á höndum SRR.

## **13 Próunarverkefni**

Próunarverkefni um fjölbreytta kennsluhætti.

Verkefnið fór hægt að stað, en það tók umsjónarkennara í 1. og 2. bekk (aðila málsins) nokkurn tíma að átta sig á möguleikum og útfærslu. Eftir aðdeildarstjóri yngra stigs varð formlega verkefnastjóri hefur verkefnið gengið mjög vel. 1. og 2. bekkur unnu svipuð verkefni og 1. bekkur vann vel með elstu nemendum í leikskólanum Hæðarbóli. Þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í verkefninu verða eðlilegur hluti skólanámskrár og námsvísa haustið 2008. Þáttakendur hafa ennfremur skoðað námsmatið, en sú ákvörðun var tekin að gefa eingöngu vitnisburð í bókstöfum og orðum í 2. bekk, öfugt við það sem gert hefur verið um tíma.

Sjá áfangaskýrslu

Próunarverkefni í ensku - fjölbreyttir kennsluhættir.

Fagstjóri í tungumálum í skólanum leiðir verkefnið. Haldin voru stutt námskeið á haustönn og reyndur kennari fengin til að liðsinna kennurum. Esnukukennslan hefur mælst vel fyrir og eru kennrarar ánægðir með þann stuðning og fræðslu sem þeir fá.

Sjá áfangaskýrslu

## **14 Grænfáni**

Skólinn fékk Grænfánann, viðurkenningu Landverndar 16. nóvember. Unnið hefur verið að því að hrinda markmiðum verkefnisins í gang sl. fjögur ár.


Skólinn þarf að vera vel á verði og fylgja eftir stefnu sinni, en sækja þarf um Grænfánann á tveggja ára fresti og því verður lagt mat á verkefnið í fyrsta sinn haustið 2009.



# Glærur

**2007**

# Sjálfsmatsskýrsla Umbótaáætlun 2007



# Starfsáætlun

- Skóladagatal – umsögn foreldraráðs samþykkt af skólanefnd ár hvert
- Skólanámskrá – viðbætur og breytingar sendar til foreldra til umsagnar í mars árlega – send til skólanefndar í apríl
- Viðbætur og breytingar færðar inn í skólanámskrá við upphaf næsta skólaárs

# Vetrarleyfi

- Könnun – var lögð fyrir foreldra af Skólaskrifstofu í febrúar 2006

# Skólastefna Garðabæjar

- Framkvæmdaáætlun Hofsstaðaskóla 2007-2009 – sjá tímaáætlun
- Starfsáætlun – nýbreytni og þróunarstarf – skólaárið 2007-2008
- Útikennsla – sjá áætlun sbr. Skólastefnu Garðabæjar

# Starfsmannasamtöl

Tekin í febrúar ár hvert  
Samantekt – sterkir og veikir þættir  
ásamt ábendingum og tillögum - kynnt  
fyrir starfsfólki á starfsmannafundi

# Færnimiðað nám

Könnun lögð fyrir nemendur í 5.-7.  
bekk

Bréf sent til foreldra til kynningar

# Tengslakönnun

Lögð fyrir af námsráðgjafa og  
umsjónarkennurum tvisvar á ári  
Félagsleg staða nemenda kynnt  
foreldrum í foreldraviðtali

# 7. Viðhorfskönnun til mötuneytis

Lögð fyrir nemendur í 4.-7. bekk í  
október 2007 af kennara skólans í  
námsleyfi

# Viðhorfskannanir - nám og kennsla

Lagðar fyrir nemendur, kennara  
og foreldra í desember 2007 og  
janúar 2008

# Samræmd próf

Unnið er með niðurstöður á  
stigsfundum – sterkar og veikar hliðar  
skoðaðar – umbætur í kjölfarið

# Símenntunaráætlun

Uppfærð árlega  
Skilað til Skólaskrifstofu

# Skólavísir

Unninn af Skólaskrifstofu í mars  
Úthlutun nemendatengd  
Fjárhagsáætlun í október

# Námskeið

Um einstaklingsmiðaða  
kennsluhætti – styrkt af  
menntamálaráðuneyti

# Þróunarverkefni

Fjölbreyttir kennsluhættir í 1. og 2. bekk í  
samvinnu við leikskóla  
Enskukennsla í 1.-4. bekk  
Bæði verkefni styrkt af menntamálaráðuneyti

# Grænfáni

Flaggað 16. nóvember 2007  
Endurmat að tveimur árum liðnum



# Kynning á sjálfsmatsskýrslu Hofsstaðaskóla fyrir árið 2007

1. Starfsmannafundur 11. mars 2008
2. Skólaskrifstofa í mars 2008
3. Foreldra- og kennararáð 11. mars 2008
4. Nemendur í 5.-7. bekk í mars 2008
5. Skólanefnd í apríl 2008